

✉ Re: Forkaupsréttur - beiðni um umsögn

Búið til	6.10.2021 13:18:42
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	6.10.2021 13:18:39
Tilheyrir	📁 202109-0038 - Forkaupsréttur - beiðni um umsögn

Efni

Re: Forkaupsréttur - beiðni um umsögn

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	6.10.2021 13:18:39	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurðsson@ni.is)
Til	sigridur.svana.helgadottir@uar.is
Cc	Thorkell.L.Thorarinsson@ni.is

Innihald

Komdu sæl,

Eftirfarandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar:

Tilvísun í mál nr. 202109-0038 (SS, IAS, RT).

Vísað er til tölvupósts frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, dags. 28.9.2021, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um erindi þess efnis að ríkissjóður falli frá forkaupsrétti á jörðinni Stakkahlíð í Loðmundarfirði en jörðin er innan svæðis nr. 607 á náttúruminjaskrá.

Það er mat Náttúrufræðistofnunar Íslands að vegna verndargildis náttúruminja sem finnast á jörðinni ætti ríkissjóður ekki að falla frá forkaupsrétti að jörðinni.

Jörðin fellur innan svæðisins „Njarðvík-Loðmundarfjörður“ sem samþykkt var af Alþingi að færi á Náttúruverndaráætlun 2004-2008 sem svæði sem beri að vernda vegna sjaldgæfra plantna, gróðurfars og jarðfræði. Í greinargerð með þingsályktuninni segir „Talið er mikilvægt að vernda svæðið á grundvelli gróðurfars, fjölda sjaldgæfra tegunda plantna, en jafnframt vegna jarðfræði svæðisins“. Ekki hefur orðið af friðlýsingu svæðisins enn og að því þyrfti að stefna að mati Náttúrufræðistofnunar.

Jarðfræði og landslag

Jörðin Stakkahlíð er allstór og nær m.a. hátt upp til fjalla í norðri og norðvestri, og til suðurs og austurs að Fjarðará og botni Loðmundarfjarðar þar sem er sjávarlón með opinn ós til sjávar og töluverðar leirur. Mikil fjölbreytni er í landslagi og gróðurfari innan jarðarinnar. Vinsæl gönguleið úr Borgarfirði yfir í Loðmundarfjörð fer í gegnum Kækjuskörð og er eftir það í landi Stakkahlíðar, niður Orrustukamb og Fitjar að bænum Stakkahlíð. Landslag er mjög stórbrotið á þessum hluta gönguleiðar.

Þar ber einna hæst Loðmundarskriður eða Stakkahlíðarhraun sem eru með mestu berghlaupum sem þekkt eru á Íslandi. Fallhæð er úr 700 m hæð niður að sjávarmáli og er hlauplengdin rúmum 5 km en það nær yfir fjörðinn og aðeins upp í hlíðina sunnan megin. Flatarmálið er um 8 km² en erfitt er að meta rúmmálið þar sem meðalþykktin er ekki þekkt en ef miðað er við 10 m þykkt þá er rúmmálið 80 milljón m³. Talið er að hlaupið hafi fallið fyrir 1-2.000 árum. Berghlaupið er að stórum hluta innan jarðar Stakkahlíðar sérstaklega vestur- og suðurhluti þess. Mikið af perlusteini hefur fundist í skriðunum og voru hugmyndir um að vinna hann á næstu jörð (Seljamyri) og má þar sjá vegslóða og smá rask. Um 1960 var perlusteinninn rannsakaður og var talið að allt að 1 milljón tonna af perlusteini væri þar og var lagt til að farið yrði í frekari rannsóknir (sjá t.d. hér: <https://www.althingi.is/altext/raeda/?lthing=89&rnr=3328> (<https://www.althingi.is/altext/raeda/?lthing=89&rnr=3328>)). Í framhlaupinu er að finna tjarnir og áhugavert gróðurfar sem eykur fjölbreytni og sérkenni landslagsins.

Nokkrar fornar megineldstöðvar eru á svæðinu frá Njarðvík að Loðmundarfirði og voru þær virkar fyrir um 13 ma. Þar eru a.m.k. fjórar öskjur sem mynduðust í miklum sprengigosum og þá mynduðust mikil flikrbergslög (ignimbrit), jafnvel þau mestu á Íslandi. Einnig er mikið um annað líparít og ísúrt berg í jarðlagastaflanum sem t.d. er vel sýnilegt innan jarðar Stakkahlíðar t.d. í Stakafelli og Orrustukambi sunnan Kækjuskarða sem og í Hraundal. Steingerðir trjábolir hafa fundist í flikrbergslögunum. Þekktir fundarstaðir steingervinga eru í Orrustukambi.

Gróðurfar og plöntur

Gróðurfar svæðisins er fjölbreytt og margar vistgerðir með hátt eða mjög hátt verndargildi finnast á svæðinu þ.m.t. sjávarfitjavistir, votlendisvistir og graslendisvistir. Svæðið er mjög tegundafjölbreytt m.t.t. æðplantna og hlutfall fágætra tegunda er hátt. Samkvæmt gagnagrunni Náttúrufræðistofnunar Íslands eru rúmlega 180 tegundar æðplantna skráðar í Stakkahlíð í Loðmundarfirði að meðtöldum tegundum undanfylla.

Stinnasef (*Juncus squarrosus*) er sjaldgæf tegund sem hefur aðeins fundist á nokkrum stöðum á Austfjörðum og einnig á takmörkuðu svæði á Vestfjörðum. Stinnasef er flokkuð á valista sem tegund í nokkurri hættu (VU) (Náttúrufræðistofnun Íslands 2018). Til viðbótar eru 8 æðplöntur skráðar í Stakkahlíð sem teljast vera fremur sjaldgæfar eða hafa takmarkaða útbreiðslu á landsvísi.

Í Loðmundarfirði og nánast umhverfi hans, þ.e. frá mynni fjarðarins og inn Bárðarstaðadal og þverdali hans, hafa um 300 tegundir æðplantna verið skráðar í gagnagrunn Náttúrufræðistofnunar. Þar af eru 7 tegundir ýmist á valista Náttúrufræðistofnunar og eða friðlýstar. Til viðbótar 35 tegundir sem teljast vera fremur sjaldgæfar eða hafa takmarkaða útbreiðslu á landsvísi. Allmargar sjaldgæfar tegundir sem skráðar hafa verið í Loðmundarfirði finnast nær eingöngu hátt til fjalla t.d. fjallakobbi og snænarfagras eða eru bundnar við snjóþung svæði eins og bláklukkulyng og lyngjafni.

Tegundafjöldinn endurspeglar fjölbreytt búsvæði planta í Loðmundarfirði. Land sem tilheyrir Stakkahlíð, líkt og í víðar í Loðmundarfirði, nær frá sjávarmáli og í um 1000 m hæð. Allmikið votlendi er í Loðmundarfirði, bæði á flatlandinu meðfram Fjarðará og í hlíðardrögum t.d. í Stakkahlíð. Hluti votlendis hefur verið ræst fram. Margar votlendistegundir hafa verið skráðar í Loðmundarfirði, sumar hverjar eru sjaldgæfar s.s. hagastör og keldustör. Skriðstör, heigulstör og marstör sem skráðar eru í Loðmundarfirði finnast nær eingöngu í votlendi nálægt sjó. Þessar tegundir eru einkennandi í gulstararfitjavist ásamt gulstör sem er algeng í votlendi/blautum gulstararflóum í Loðmundarfirði. Gulstararfitjavist, sem er fágæt vistgerð með mjög hátt verndargildi, hefur þó ekki verið kortlögð í Loðmundarfirði.

Með kveðju,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Sigríður Svana Helgadóttir" <sigridur.svana.helgadottir@uar.is>
To: "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>
CC:
Subject: Forkaupsréttur - beiðni um umsögn
Date: 28.9.2021 13:35:56

Tilvísun í mál: UMH21090067

Ráðuneytinu hefur borist erindi þess efnis að ríkissjóður falli frá forkaupsrétti á jörðinni Stakkahlíð sem er innan svæðis nr. 607 á náttúruminjaskrá. Samkvæmt 5. mgr. 37. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 skal ríkissjóður hafa forkaupsrétt að jörðum og öðrum landareignum sem eru að hluta eða öllu leyti á náttúruminjaskrá að þeim aðilum frágengnum sem veittur er forkaupsréttur með jarðalögum.

Ráðuneytið óskar eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um erindið og að umsögnin berist ráðuneytinu eigi síðar en 6. október nk.

kv.
Sigríður Svana

**Sigríður Svana Helgadóttir, lögfræðingur / Head of Division**

Skrifstofa landgæða / Department of Land and Natural Heritage

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið / Ministry for the Environment and Natural Resources

Skuggasund 1, 101 Reykjavík, Iceland

Sími / Tel: (+354) 545 8600

www.umhverfisraduneyti.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing

**Viðhengi**

image001.png (5 KB)

Stakkahlíð samþ kauptilboð.pdf (183 KB)

ATT00001.jpg (66 KB)